

### 13. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps , Végarði 05.05 2015, kl. 13.30

---

Mætt til fundar : Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Anna Jóna Árnarsdóttir og Lárus Heiðarsson. Aðalmennirnir Eiríkur J.Kjerúlf og Þorvarður Ingimarsson eru forfallaðir , í þeirra stað mæta Anna Bryndís Tryggvadóttir 3. varamaður og Gunnar Gunnarsson 1. varamaður. Einnig mættur Sigurður Álfgeir Sigurðsson endurskoðandi.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

#### Dagskrá:

1. **Ársreikningur Fljótsdalshrepps 2014, síðari umræða.**
2. **Málefni Heilbrigðiseftirlits Austurlands**
3. **Skýrsla oddvita**
4. **Tillaga að deiliskipulagi Hengifossvæðis**
5. **Drög að nýjum samstarfssamningi sveitarfélaga á svæði SSA um menningarmál**
6. **Bréf**
  - a) Vegagerðin dags. 20.04
  - b) SSA, tölvupóstur 24.04
  - c) Fljótsdalshérað, tölvupóstur 17.04
  - d) Fljótsdalshérað , tölvupóstur 27.04
  - e) Minjastofnun Íslands dags. 08.04
  - f) Umhverfis-og auðlindaráðuneytið dags. 28.04
  - g) Gróðrarstöðin Barri ehf/Skúli Björnsson framkvæmdastjóri dags. 21.04
7. **Fjárbeiðnir**
  - a) Steinunn Ingimarsdóttir
  - b) Agnes og Halldór Waren
  - c) Austurfrétt, sumarkveðja
8. **Fundargerðir**
  - a) HAUST 15.04
  - b) Samtök orkusveitarfélaga , ásamt ársreikningi 2014
  - c) Samgöngunefnd SSA 14.04 2015
  - d) Ársalir 29.04
  - e) Byggingar-og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps 13.04 2015
  - f) Brunavarnir á Austurlandi, aðalfundur 29.04

g) Húsnefnd Végarðs 28.04 2015

## 9. Önnur mál

### 1. Ársreikningur Fljótshrepps 2014, síðari umræða.

Sigurður Álfgeir Sigurðsson endurskoðandi fór yfir ársreikning sveitarfélagsins fyrir árið 2014 og endurskoðunarskýrslu.

Helstu niðurstöðutölur ársreiknings Fljótshrepps 2014, í þús. kr. :

Rekstrartekjur A og B hluta	145.361,-
Rekstrargjöld A og B hluta	117.200,-
Rekstarniðurstaða fyrir afskriftir	28.160,-
Afskriftir A og B hluta	29.038,-
Rekstarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	(878,-)
Fjármagnstekjur (fjármagnsgjöld)	2.623,-
Rekstrarniðurstaða	1.745,-
Eignir samtals	860.041,-
Skuldir og skuldbindingar samtals	49.535,-
Handbært fé í árslok	85.372,-
Veltufé frá rekstri	30.507,-

Fljótshreppur uppfyllir skilyrði sem sveitarfélögum eru sett um skuldahlutfall, en ákvæði um jákvæða rekstrarafkomu þriggja ára er ekki uppfyllt. Fjárhagsleg afkoma ársins 2014 er eigi að síður ágæt, eins og veltufé frá rekstri sýnir og eignastaða sterk.

Eftir umræður um ársreikning og endurskoðunarskýrslu, bar oddviti ársreikninginn upp og var hann samþykktur samhljóða og undirritaður.

*Sigurði Álfgeir yfirgaf fund kl. 15.10*

### 2. Málefni Heilbrigðiseftirlits Austurlands

*Helga Hreinsdóttir framkvæmdastjóri HAUST mætti á fundinn klukkan 15:15*

Til umræðu voru drög að samþykkt um fráveitumál á starfssvæði HAUST. Helga vakti athygli á að ef sveitarfélög á svæðinu vildu ekki taka drög að samþykkt upp í heild, gætu sveitarfélögin nýtt hluta úr samþykktardrögunum, kysu þau það.

Einnig voru til umræðu drög að gæludýrasamþykktum, sem sveitarstjórn fjallaði um fyrr á árinu og taldi ekki ástæðu til að taka upp í Fljótshreppi. Drögin hafa verið betrubætt og send sveitarfélögunum á ný til skoðunar. Helga sagði frá erfiðum tilfellum varðandi árásgjarna hunda og að viðbrögð við slíkum atvikum gætu verið erfið, væru ekki til staðar samþykktir um hundahald, hvatti hún til þess að sveitarstjórn færi yfir málið að nýju.

Fleira var til umræðu s.s. nýtt starfsleyfi fyrir sorpurðun við Tjarnaland þar sem gert er ráð fyrir sérstakri urðunargryfju fyrir dýrahæ og að sveitarfélög gætu þurft að koma sér upp sérstökum gámum fyrir dýrahæ.

Þá var rætt um starfsleyfi fyrir gistirekstur og vanhöld á að í öllum tilvikum væri sótt um leyfi til slíks reksturs.

Helga minnti á að seyrugryfju við Valþjófsstað þyrfti að tæma og að HAUST vildi gjarnan fá fundaboð byggingarnefndafunda, þannig að hægt væri að mæta á fundina ef þörf væri á aðkomu HAUST.

*Helgu þökkun koman og fróðlegar upplýsingar og yfirgaf hún fundinni klukkan 16:00*

### **3. Skýrsla oddvita**

Oddviti sat Landsþing sveitarfélaga sem haldið var í Kópavogi 17.apríl. Þar var m.a. fjallað um lýðræði og eflingu sveitarfélaga með sameiningu eða samstarfi.

Byggingarfulltrúi, oddviti og formaður byggingarnefndar fóru inn að Laugarfellsskála og staðsettu starfsmannahús með rekstraraðilum skálans 22.apríl. Ekki var mikill snjór á svæðinu og jörð að hluta auð niður við Laugarfellsskála .

Lárus sat fyrir hönd Fljótsdalshrepps vinnudag um sóknaráætlun, á Reyðarfirði 4. maí. Hugurflugsfundur fulltrúa sveitarfélaga þar sem framtíðarsýn landshlutans var viðfangsefnið.

Samband íslenskra sveitarfélaga gerir margvíslegar athugasemdir við frumvarp um verndarsvæði í byggð. Telur sambandið að verulega hafi skort á að hugað væri að grundvallarreglum um sjálfstjórn sveitarfélaga við gerð frumvarpsins og ótakmarkað ráðherræræði varðandi tillögur um verndarsvæði sé órökstutt. *Sveitarstjórn tekur heilshugar undir þessar athugasemdir.*

Þrír fyrrverandi sveitarstjórar hafa stofnað ráðgjafafyrirtækið Ráðrík ehf og bjóða sveitarfélögum þjónustu sína.

Ísavia býður upp á þátttöku í flugslysaæfingu 9. maí á Egilsstaðaflugvelli, þar sem æfð verða viðbrögð við flugslysi. Tilkynna þarf þátttöku fyrir hádegi 8. maí.

Íþróttá-og Ólympíusamband Íslands stendur fyrir heilsu-og hvatningarverkefninu Hjólað í vinnuna dagana 6-26. maí næstkomandi.

Félag íslenskra félagsliða vill vekja athygli á að félagsliðar eru ört vaxandi stétt er starfar á hinum ýmsu sviðum ummönnunar-og velferðarþjónustu .m.a. hjá sveitarfélögum landsins.

Sótt hefur verið um styrk til uppbyggingar Melaréttar til styrktarsjóðs EBÍ og umhverfissjóðs Landsbankans.

### **4. Tillaga að deiliskipulagi Hengifossvæðis**

Fyrir liggur tillaga að deiliskipulagi Hengifossvæðis,dags. 30.04 2015. Deiliskipulagið er sett fram í greinagerð og á skipulagsupprætti og skýringaruppráttum, umhverfisskýrsla er hluti af deiliskipulagsgreinagerð. Mannvit hf hefur annast gerð tillögugagna.

Sveitarstjórn samþykkti lýsingu vegna skipulagsáforma á fundi 16.12 2014. Leitað var umsagnar Skipulagstofnunar og annarra umsagnaraðila um lýsinguna og hún kynnt almenningi .

Á fundi sveitarstjórnar 09.04 var tillaga að deiliskipulagi til umfjöllunar og þar samþykkt að kynna tillöguna á almennum kynningarfundum og óska umsagnar Byggingar- og skipulagsnefndar Fljótsdalshrepps. Kynningarfundur var haldinn 28.04 og Byggingar- og skipulagsnefnd hefur tekið tillöguna til afgreiðslu. Tekið hefur verið tillit til ábendinga sem bárust við lýsingu skipulagsáforma og deiliskipulagstillöguna.

Með vísan í 1.mgr.41.gr skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkir sveitarstjórn að auglýsa fyrirbyggjandi tillögu að deiliskipulagi Hengifossvæðis.

## 5. Drög að nýjum samstarfssamningi sveitarfélaga á svæði SSA um menningarmál

Drögin samþykkt af hálfu Fljótsdalshrepps og oddvita falið að skrifa undir fyrir hönd sveitarfélagsins, þegar kallað verður eftir því.

## 6. Bréf

- a) Vegagerðin dags. 20.04. Kynnt, varðar umsókn í styrkvegaskjóð, svars er að vænta maí.
- b) SSA, tölvupóstur 24.04. Kynnt, varðar samvinnu í ljósleiðaravæðingu á starfssvæði SSA. Sveitarstjórn er áhugasöm um að fylgjast með framvindu málsins.
- c) Fljótsdalshérað, tölvupóstur 17.04. Kynnt, varðar skipulagsbreytingar á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs og gerð deiliskipulags fyrir íbúðabyggð á Uppsölum. Sveitarstjórn hefur engar athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar.
- d) Fljótsdalshérað, tölvupóstur 27.04. Kynnt, varðar fyrirhugað útboð á rekstri gámastöðvar og sorphirðu. Gert er ráð fyrir að Fljótsdalshérað, Seyðisfjarðarkaupstaður og Fljótsdalshreppur standi sameiginlega að útboði. Bæjarráð Fljótsdalshéraðs leggur til að kostnaðarskipting við útboðsgerð verði út frá höfðatölu. Sveitarstjórn samþykkir það viðmið fyrir hönd Fljótsdalshrepps.
- e) Minjastofnun Íslands dags. 08.04. Kynnt, tilkynnt um úthlutun styrkjar vegna viðgerða á Melarétt, 300.000 kr.
- f) Umhverfis- og auðlindaráðuneytið dags. 28.04. Ósk um tilnefningu fulltrúa í svæðisráð Vatnajökulspjóðgarða á rekstrarsvæði 2 (Austursvæði). Sveitarstjórn tilnefnir Jóhann Þórhallsson sem fulltrúa fyrir Fljótsdalshrepp. Fljótsdalshérað tilnefnir 2 fulltrúa, og sameiginlega mynda þessi þrjú fulltrúar, fulltrúa sveitarfélaganna í svæðisráði Austursvæðis.
- g) Gróðrarstöðin Barri ehf/Skúli Björnsson framkvæmdastjóri dags. 21.04. Varðar hvatningu um hlutafjárútkningu. Sveitarstjórn samþykkir að Fljótsdalshreppur taki ekki þátt í hlutafjárútkningu, að þessu sinni.

## 7. Fjárbeiðnir

- a) Steinunn Ingimarsdóttir. Ósk um fjárstuðning vegna byggingar fimleikahúss við íþróttahúsið á Egilsstöðum. Hafnað.
- b) Agnes og Halldór Waren. Varðar styrkumsókn vegna ferðar barna á Andrésar Andaleikanna sem haldnir voru á Akureyri. Samþykkt að styrkja hópinn um 8.000 kr..

*Gunnar Gunnarson vék af fundi vegna vanhæfis.*

- c) Austurfrétt, sumarkveðja. Varðar sameigillega sumarkveðju sveitarfélaga á Austurlandi í Austurglugganum. Samþykkt að greiða fyrir logo, 6.900 kr. + vsk

*Gunnar Gunnarson kom aftur til fundar*

## **8. Fundargerðir**

- a) HAUST 15.04. Kynnt.
- b) Samtök orkusveitarfélaga , ásamt ársreikningi 2014. Kynnt.
- c) Samgöngunefnd SSA 14.04 2015. Kynnt.
- d) Ársalir 29.04. Kynnt.
- e) Byggingar-og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps 13.04 2015. Liður 2. Óbyggðasetur sækir um stöðuleyfi fyrir þrjár Moelven vinnubúða einingar. Byggingarnefnd samþykkir stöðuleyfisbeiðni fyrir sitt leyti. Sveitarstjórn staðfestir fundargerð nefndarinnar og samþykkir útgáfu stöðuleyfis.
- f) Brunavarnir á Austurlandi, aðalfundur 29.04. Kynnt.
- g) Húsnefnd Végarðs 28.04 2015. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að gildandi samningi við Klausturkaffi um veitingarekstur í Végarði , verði lítillega breytt. Sveitarstjórn samþykkir tillögu húsnefndar, að breytingu á 5. grein samningsins. Oddvita falið að ganga frá breytingu á samningi og undirrita hann fyrir hönd sveitarfélagsins.

## **9. Önnur mál**

- a) Oddviti verður fulltrúi Fljótsdalshrepps á ársfundi Austurbrúar og varaoddviti til vara.
- b) Oddviti óskar eftir heimild sveitarstjórnar til að taka 6 daga af óteknu orlofi frá síðasta tímabili, í maí. Samþykkt. Af þessum sökum verður skrifstofan lokuð eftir hádegi einhverja daga.
- c) Anna Bryndís vekur athygli á slæmu yfirborði reiðvegjar frá Végarði að Skriðuklaustri.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 18:38

Lárus ritaði fundargerði í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfsdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Gunnar Gunnarsson (sign)

Anna Bryndís Tryggvadóttir (sign)